



Stjórn Minjasafns Austurlands kom saman til fundar 28. september 2021 í Safnahúsinu á Egilsstöðum.

Mættar til fundar: Ásdís Helga Bjarnadóttir form., Sigríður Sigmundsdóttir, Sigrún Blöndal, Kristjana Björnsdóttir (í fjarfundi), Þórdís Sveinsdóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri Minjasafns Austurlands.

Fundur settur kl. 15.40.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun næsta árs
2. Skýrsla safnsstjóra
3. Önnur mál

1. Fjárhagsáætlun næsta árs. Forstöðumaður lagði fram drög að fjárhagsáætlun 2022. Áætlunin gerir ráð fyrir sömu stöðugildum (2,8) og á þessu ári. Gert er ráð fyrir að framlag sveitarfélaganna sé 32,5 milljónir. Í áætluninni er reiknað með að meiri tekjur verði af aðgangseyri en á þessu ári. Minjasafnið hefur fengið styrk frá Safnasjóði til þriggja ára m.a. til að fjárfesta í búnaði. Fjárhagsáætlunin er neikvæð eins og áður vegna innri leigu kr. 11.911.239.

Minjasafn Austurlands hefur á síðustu misserum veitt aukna faglega ráðgjöf til annarra safna og stofnana á Austurlandi, ss. Tækniminjasafns Austurlands, Ríkharðssafns og Lindarbakka, og komið að sífellt fleiri verkefnum sem varða safnastarf á svæðinu. Stjórn safnsins leggur ríka áherslu á að horft verði til þessarar auknu ábyrgðar safnsins og mikilvægis þess í ákvörðun um fjárframlög til Minjasafns Austurlands og gerð fjárhagsáætlana næstu ára.

Stjórn samþykkir framlögð drög að fjárhagsáætlun ársins 2022.

2. Skýrsla forstöðumanns. Elsa Guðný Björgvinsdóttir fór yfir verkefni ársins en þau hafa verið mjög fjölbreytt. Þar má nefna umsjón með ráðstefnu Félags þjóðfræðinga, viðburði vegna alþjóðlega safnadagsins, vinnustofu um endurreisn Tækniminjasafns Austurlands, opið hús á 17. júní, sýningarhald í Safnahúsinu o.fl. Auk þess samstarf við félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild HÍ vegna rannsóknarverkefnis nema í þjóðfræði og móttaka margra góðra gesta (Safnaráð, þjóðminjavörður o.fl). Minjasafnið tók þátt í BRAS með opnum smiðjum, bæði á Egilsstöðum og Borgarfirði eystra og bauð grunnskólum í Múlaþingi einnig upp á smiðjur. Framundan er vinna við flutning safnkosts úr geymslu í annað húsnæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Safnahúsið.
3. Önnur mál. Þórdís Sveinsdóttir vakti máls á því að aðkoma að Kjarvalshvammi hefði ekki verið nægilega góð í sumar. Forstöðumaður kannaðist við málið og ræddi í framhaldi um verkefni í Kjarvalshvammi sem þarf að huga að, s.s. upplýsingaskilti sem þarf að uppfæra o.fl.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16.40.